

Námsáætlun 2016-2017

Námsgrein: Náttúrufræði 7. bekkur

Áfangalýsing				
<p>Lýsing frá kennurum: Í náttúrufræði er fyrsta verkefni skólaársins athugun á gróðri á skólalóðinni og upprifjun á nöfnum algengra jurta í nærumhverfinu. Síðan lærum við um líkama mannsins og starfsemi helstu líffærakerfa. Að lokum verður fjallað um byggingareiningar alheimsins, lítilla fjallað um varma og orku/orkunotkun og orkulindir á Íslandi í eðlisvísindum. Tími: 2- 3 kennslustundir á viku</p>				
Tímabil	Hæfniviðmið	Námsefni	Kennsluhættir/leiðir	
ágúst - september	Gróður <ul style="list-style-type: none"> • Þekki heiti algengra jurta • Geri sér grein fyrir árstíðabundnum breytingum á gróðri 	Gróður á vettvangi, skráningarblöð, plöntuhandbækur, myndavél. Plöntuvefurinn og efni frá kennara. Fræðslumyndir.	Hópvinna og einstaklingsverkefni. Vettvangsferðir .	
nóvember - janúar	Mannlíkaminn <ul style="list-style-type: none"> • Geti lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum • Geti útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er • Útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu Farið yfir þær breytingar sem verða við kynþroskaaldur og fjallað um mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.	<i>Maðurinn, hugur og heilsa, vinnuhefti og lesbók.</i> Fræðslumyndir.	Hlustað og lesið saman úr kennslubók. Gagnvirkur lestur. Hópvinna, paravinna og samvinnunám. Samræður – rökræður í tímum.	

Apríl-maí	<p>Byggingareiningar alheimsins</p> <ul style="list-style-type: none"> • þekki frumeindakeninguna og þekki hugtökin frumeind, sameind, frumefni, efnasamband og efnablanda • geri sér grein fyrir að allt efni er gert úr frumeindum sem geta tengt saman og myndað sameindir • geti sýnt fram á að við blöndun á tveimur efnum geti orðið til nýtt efni • þekki aðferðir til að mæla rúmmál fastra efna og vökva og geti beitt hugtökunum lítrar og rúmmetrar í því sambandi • þekki sambandið milli ml og rúmsentimetra • geti mælt massa efnis • geri athuganir sem sýna að massi efna varðveitist við efnabreytingar <p>Varmi, orka og orkunotkun</p> <ul style="list-style-type: none"> • þekki hugtakið varmi og hvernig hann berts við burð, leiðni og geislun • geri fjölbreyttar athuganir á hita • geri sér grein fyrir að orka breytir um mynd en glatast ekki • geri könnun á því hvers konar orka er notuð á heimilum og hvaðan hún kemur • læri um vistvæna orkugjafa og orkusparnað • geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma komandi kynslóða byggist á umgengni manns við náttúruna 	Auðvitað – Heimilið	Lesið úr kennslubók og unnin tilheyrandi verkefni og tilraunir. Paravinna, hópvinna og kennsla frá töflu.

Námsmat

Símat.

Verkefni, vinnusemi og áhugi metinn.

Próf, heimapróf, „svindlpróf“, samvinnupróf.

Skrifleg verkefni.

Hópvinna metin.

Kennari, netfang

Helga Lyngdal helgal@akmennt.is og Sigríður Emilía Bjarnadóttir smilla@akmennt.is